

## Uppstilling hrossa í sköpulagsdómi.

Þegar stilla skal upp hesti í sköpulagsdómi eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga. Nýlega var ákveðið á fundi alþjóðlegra kynbótadómara að breyta æskilegri stöðu afturfóta í dómi og hér er ætlunin að fara yfir það ásamt fleiri atriðum sem varða uppstillinguna. Hesturinn á helst að standa vakandi og einbeittur en jafnframt kyrr og spennulaus. Hann á að standa jafnt í alla fætur og yfir hæfilega mikilli jörð. Framfætur eiga að vísa lóðrétt niður þannig að hesturinn standi ekki fram fyrir sig með framfætur og ekki inn undir sig. Afturfætur eiga einnig að vísa því sem næst beint niður og eiga ekki að vera teygðir aftur fyrir hestinn og vera jafnir (má muna u.þ.b hóflengd á hægri og vinstri afturfæti). Þessi uppstilling á fótum er hugsuð til þess að auka samræmi í uppstillingu og þar með sköpulagsdómum. Einnig er hún hugsuð til þess að sporna gegn uppstillingu þar sem hesturinn stendur of teygður að aftan. Með þessu er markmiðið að hægt sé að leggja betra mat á stöðu afturfóta og yfirlínu hestsins. Í gegnum tíðina hefur verið misjafnt hversu teygðir og jafnir afturfæturnir hafa verið og í sumum tilfellum hefur slíkt valdið misræmi á þeirri mynd sem dómaramir hafa fyrir augunum og gefið skekka mynd af yfirlínu í baki. Hvað varðar reisingu hestsins á hesturinn að standa í þeirri reisingu sem hentar hverjum og einum en þó ber að varast ofreisingu sem getur haft neikvæð áhrif á útlit frambyggingar hestsins og yfirlínu í baki. Nauðsynlegt er að kenna hverjum hesti að teymast vel við hendi svo hægt sé að teyma hrossin bein og á jöfnum hraða á feti og brokki fyrir mat á réttleika. Ef ekki er hægt að teyma hrossið á brokki í dómi er 7.5 hámarkseinkunn fyrir réttleika. Einnig er rétt að taka fram að hvers kyns fóðrun hrossa í sköpulagsdómi er ekki leyfileg. Þessi uppstilling sem hér er lýst er hugsuð til þess að hver hestur njóti sín sem best og til þess að sem réttast mat fái á sköpulagið.



Vel heppnuð uppstilling. Hesturinn stendur yfir hæfilegri jörð, framfætur vísa lóðrétt niður og afturleggur vísar einnig nánast lóðrétt niður, þ.e. hesturinn er ekki teygður að aftan.



Þessi hestur stendur of mikið fram fyrir sig með framfætur.



Þessi hryssa stendur of teygð að aftan.